

092/01 - Akureyrin EA-110

Akureyrin EA-110, skipverji fellur á þilfari

Akureyrin EA-110

Skipaskr.nr.: 1369

Smíðaður: Gdynia 1974 Stál

Stærð: 882,00 brl; 1.318,00 bt

Lengd: 71,85 m **Breidd:** 11,30 m **Dýpt:** 7,30 m

Vél: Sulzer Zogoda 2.868,00 kW **Árgerð:** 1974

Annað:

Földi skipverja: 26



Atvikalýsing

Þann 25. júní 2001 var b/v. Akureyrin EA 110 að togveiðum á Reykjanes hrygg. Veður: NA-gola og súld.

Skipverji var að bera loftræstiblásara, sem hann hafði lokið hreinsun og viðgerð á. Er hann gekk eftir trollþilfarinu missti hann fótanna og féll á bakið í þilfarið.

Skipverjinn fann fyrir sárum sting og fannst eins og eitthvað hafi brostið í brjóstvöðva.

Við rannsókn kom fram

- að hinn slasaði hélt einn á 20 – 30 kg loftblásara;
- að hinn slasaði taldi sig hafa hrasað í bleytu, fiskfitu eða að misfella (dæld) hefði verið í trollþilfarinu;
- að skipstjóri taldi að hinn slasaði hafi ofreynt sig í burðinum á blásaranum og teygt brjóstvöðva.

Nefndarálit

Nefndin ályktar ekki í þessu máli.